Nd. **513. Nefndarálit** [141. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Þegar lögin um innflutning búfjár voru sett árið 1948, var leitazt við að tryggja eftir föngum, að búfjársjúkdómar bærust ekki til landsins. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að rýmka heimildina til innflutnings á nautgripum frá því, sem nú er. Minni hlutinn lítur svo á, að bændur hafi goldið það afhroð fyrr og síðar af innflutningi erlends búfénaðar, að ekki sé vert að stofna til búfjárinnflutnings að nýju eða rýmka að þarflausu þær innflutningsheimildir, sem nú eru í lögum. Það gæti, ef slysalega tækist til, orðið þess valdandi, að erlendir nautgripasjúkdómar bærust hingað, og væri þá verr farið en heima setið. Minni hlutinn er því andvígur frumvarpinu eins og það er nú. En þar sem nokkur áhugi virðist vera fyrir því, að gerðar verði tilraunir með erlend nautgripakyn til kynblöndunar og kynbóta á íslenzkum nautgripum, þá vill minni hlutinn ekki leggja stein í götu þess, að slík tilraun verði gerð með sæðisflutningi. Minni hlutinn leggur því til, að á frumvarpinu verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Orðin „nautgripi eða“ falli burt.
2. Við 2. gr. Orðin „nautgripi eða“ falli burt.
3. Við 3. gr. Orðin „inn eru flutt eða“ falli burt.

Alþingi, 19. janúar 1951.

Jón Sigurðsson, frsm. Jón Pálmason.